

	<b>Innköllun, fréttatilkynning</b> <b>EBL 7-1-1</b>	Kaflaheiti: 7. Neytendavernd
		Útgefið dags. 14.03.2016
		Endurskoðað. 08.06.2018
		Útgáfa nr.3
		Samþykkt: Hrafnhildur Eva

## Fréttatilkynning frá Sóma

### Fréttatilkynning

Innköllun á **Laxa og rækjusalati** frá Sóma ehf.

Við reglulegt eftirlit á framleiðsluvörum greindist *Listeria monocytogenes* í Sóma Laxa og rækjusalati með best fyrir dagsetningu 16.03.2019. Sómi hefur ákveðið að taka úr sölu og innkalla Laxa og rækjusalatið. Eftirfarandi upplýsingar auðkenna salatið sem innköllunin einskorðast við:

Vörunerki:	<b>Sómi ehf.</b>
Vöruheiti:	<b>Laxa og rækjusalat</b>
Strikamerki:	<b>5690596069045</b>
Umbúðir:	<b>Plastbox</b>
Nettómagn:	<b>200g</b>
Pökkunardagur:	<b>06.03.2019</b>
Best fyrir:	<b>16.03.2019</b>
Framleiðsluland:	<b>Ísland</b>
Dreifing:	<b>Verslanir um allt land</b>

Um leið og grunur vaknaði um hugsanlega *Listeria monocytogenes* mengun var viðkomandi lota fjarlægð úr búðum. Neytendur sem keypt hafa Laxa- og rækjusalat með ofangreindum upplýsingum eru beðnir um að skila í viðkomandi verslun, farga vörunni eða skila beint til Sóma ehf.

Í flestum heilbrigðum einstaklingum veldur neysla á listeríu menguðum matvælum ekki sjúkdómi. **Áhættuhópar eru barnshafandi konur, ófædd og nýfædd börn og einstaklingar með skert ónæmiskerfi.** Hópsýkingar af völdum listeríu eru mjög sjaldgæfar, oftast er um að ræða einstaklingssýkingar.

Sómi ehf. biður neytendur velvirðingar á þeim óþægindum sem af þessu getur skapast. Frekari upplýsingar veitir Sómi ehf. í sími 565-6000 eða netfang [somi@somi.is](mailto:somi@somi.is)



**Innköllum, fréttatilkynning  
EBL 7-1-1**

Kaflaheiti: 7. Neytendavernd

Útgefið dags. 14.03.2016

Endurskoðað. 08.06.2018

Útgáfa nr.3

Samþykkt: Hrafnhildur Eva

